

**122. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
21. janúar 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Karen Lind Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólakarna, Sigrún Vigdís Gylfadóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1909234 - Starfsáætlun leikskóla 2019-2020**

Leikskólastjórar leggja árlega fram til kynningar í skóla- og frístundaráði ársskýrslur leikskóla.

*Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Sigrún Vigdís Gylfadóttir varaáheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Karen Lind Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar kynningu á starfsáætlun leikskólanna.*

**2. 2001166 - Sumarleyfi leikskólanna 2020**

Ákvörðun um sumarleyfi leikskólanna sumarið 2020.

*Ingunn, Sigrún Vigdís og Karen Lind sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til að sumarleyfi leikskólanna sumarið 2020 verði fjórar vikur. Óskað er eftir því að leikskólastjórar leggi fram tillögu að lokunartíma eftir framkvæmd skoðanakönnunar meðal foreldra og að höfðu samráði við starfsmenn leikskólans.*

**3. 2001153 - Innritun í leikskóla 2020**

Innritun í leikskóla fyrir haustið 2020 mun fara fram fyrstu viku í mars.

*Ingunn, Sigrún Vigdís og Karen Lind sitja áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að börn fædd í janúar til og með maí 2019 fái tilboð um leikskóladvöl frá hausti 2020.*

*Ingunn, Sigrún Vigdís og Karen Lind víkja af fundi.*

**4. 2001125 - Innanbæjarstrætó - frístundastrætó**

Erinda frá tómsfundateymi Akraneskaupstaðar.

*Skóla- og frístundaráð leggur til við skipulags- og umhverfisráð að við við vinnu við nýtt útboð haustið 2020, á rekstri innanbæjarstrætó á Akranesi verði tekið mið að þörfum barna og ungmenna sem gert er grein fyrir í erindi tómsfundateymis bæjarins sem og annarra hagsmunaaðila.*

**5. 2001167 - Erindi ÍA- fyrirspurn varðandi áheyrnarfulltrúa á fundi Skóla- og frístundaráðs**

BD

Ósk ÍA um að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum skóla- og frístundaráðs.

Skóla- og frístundaráð tekur fram að líkt og fram kemur í erindinu sjálfu er mælt fyrir um skipan ráða sveitarfélagsins í sveitarstjórnarlögum og e.a. öðrum lögum sem og í svonefndri bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar (samþykkt nr. 696/2013 um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar). Jafnan er leitast við að afgreiða mál í ráðum þannig að sem bestar upplýsingar liggi fyrir og sjónarmið þeirra sem hagsmuni hafa af úrslausn mála liggi fyrir. Þegar tilefni þykir til eru hagsmunaaðilar boðaðir sérstaklega á fund ráðsins. Eðli máls samkvæmt er ekki unnt að tryggja með beinum hætti aðkomu allra slíka hagsmunaaðila að hinum ólíku ráðum sveitarfélagsins með seturétt og málfrelsi og tillögurétt. Löggjafinn hefur stundum í þessu skyni mælt sérstaklega fyrir um stofnun samráðshópa sbr. aldraða og fólks með fötlun til að tryggja aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð.

#### 6. 1911175 - Styrkir til íþróttá- og menningarverkefna

Úthlutun styrkja úr styrktarpotti til íþróttamála. Umsóknarfrestur rann út 16. desember 2019.

Afgreiðsla á úthlutun samþykkt og vísað í bæjarráð.

#### 7. 2001163 - Beiðni um aukningu í sérkennslu

Beiðni um aukningu á stöðugildi í sérkennslu.

Bára vikur af fundi undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð óskar eftir viðbótarfjármagni við fjárhagsáætlun 2020 vegna aukningar á stöðugildum sérkennslu í Garðaseli. Ósk um viðauka vegna 2020 er rúmlega 2.2 millj. kr. og vísað í bæjarráð.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Bára Þórsdóttir  
 Reynar Þórnadóttir  
 Sandra M. Sigrýnsdóttir  
 Fríðbjörg Ólafsdóttir  
 Valgerður Jónsdóttir